

Ragnar Tómasson

Ragnar er eldhugi sem hefur lagt mikið af mörkum í barna- og unglíngastarfi innan síns félags sem og á landsvísu. Hestamenn þekkja hann af þeim brennandi áhuga sem hann setur í öll þau verkefni sem hann tekur sér fyrir hendur og klárar með sóma. Dæmi um það er hversu ötullega hann vann að því að koma hestaíþróttinni til vegs og virðingar. Þá hefur hann komið að íslenska landsliðinu í hestaíþróttum og stutt það með ráðum og dáð. Hestamenn eiga Ragnari Tómassyni mikið að þakka og hann er því vel að þessum heiðri kominn.